

## FRÁSÖGN

*af fjarfundi forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins 11. apríl 2022.*

Af hálfu Íslandsdeildar tóku þátt í fundinum Steinunn Þóra Árnadóttir, formaður, og Bylgja Árnadóttir, alþjóðaritari. Aðrir fundarmenn voru Edva Jacobsen, formaður landsdeildar Færeyja, Anders Olsen, meðlimur grænlenku landsdeildarinnar, Lárus Valgarðsson, framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins, Poulá Árnadóttir Lervig og Annika Mouritsen, starfsmenn færeysku landsdeildarinnar, og Sakarias Amondsen, starfsmaður grænlenku landsdeildarinnar.

Helsta verkefni fundarins var undirbúningur þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins, sem fram fór á Suður-Grænlandi í júní. Forsætisnefnd ræddi einnig þema fyrir starfsár ráðsins 2022-2023. Nokkrar tillögur voru viðraðar og ákveðið að bera málið undir ráðsmeðlimi á komandi þemaráðstefnu á Grænlandi í júní. Framkvæmdastjóri kynnti fyrirætlanir um málstofur á Hringborði norðurslóða í október, þar á meðal um samspil grænna umskipta og kynjasjónarmiða og um Norður-Atlantshaf sem samskiptaæð. Þá voru einnig rædd drög að samstarfssamningi Vestnorræna ráðsins við þingmannanefnd norðurskautsmála, SCPAR.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins og á vefsvæðinu [www.vestnordisk.is](http://www.vestnordisk.is).